

# PERSÓNUVERNDARYFIR LÝSING T. ROWE PRICE (EMEA)

Hugtökin „okkar“, „við“, „okkur“ eða „T. Rowe Price“ eru notuð í þessari persónuverndaryfirlýsingu og eiga við um fyrirtæki T. Rowe Price sem tilgreind eru sem ábyrgðaraðilar gagna aftast í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Persónuverndaryfirlýsingin fjallar um söfnun og notkun T. Rowe Price á persónuupplýsingum einstaklinga utan T. Rowe Price (vísað til sem „þú“, „þér“, „þín“, „þinna“ í persónuverndaryfirlýsingunni), nema þú hafir samskipti við okkur í tengslum við vöru, þjónustu, dótturfélag, samstarfsfélag eða stafræna eign sem heyrir undir aðra persónuverndarstefnu eða persónuverndaryfirlýsingu.<sup>1</sup>

Við getum safnað persónuupplýsingunum þínum á ýmsa vegu, bæði á netinu og utan þess. Sem dæmi má nefna í tengslum við vöru eða þjónustu sem þú færð frá okkur, þegar þú heimsækir vefsvæði okkar eða ef þú ert fulltrúi annars einstaklings eða fyrirtækis, svo sem starfsmaður fyrirtækis sem er skjólstæðingur okkar, þjónustuveitandi eða mótaðili, eða annarrar fjármálastofnunar.

Þessi persónuverndaryfirlýsing útskýrir þær tegundir persónuupplýsinga sem við söfnum, hvernig við notum þær, hverjum við deilum þeim með, hvernig við verndum þær og lagaleg réttindi þín. Lestu eftirfarandi texta vandlega þar sem hann inniheldur útskýringar á sjónarmiðum okkar og starfsvenjum hvað varðar meðhöndlun persónuupplýsinga þinna. Hugtakið „persónuupplýsingar“ merkir upplýsingar sem unnt er að nota til að bera kennsl á þig sem einstakling, beint eða óbeint (annaðhvort einar sér eða samhliða öðrum tiltækum upplýsingum). Þær fela ekki í sér samanteknar eða ónafngreinanlegar upplýsingar eða mismunandi tegundir upplýsinga sem eru tiltækar opinberlega.

Í kaflanum hér fyrir neðan tökum við saman flokka persónuupplýsinga sem við getum safnað og dæmi um upplýsingar í hverjum flokki. Við kunnum að afla persónuupplýsinga beint frá þér eða fá þær frá öðrum aðila, svo sem vinnuveitanda þínum. Við kunnum einnig að safna persónuupplýsingum frá öðrum opinberum eða aðgengilegum upplýsingaveitum. Við kunnum einnig að skrá persónuupplýsingar um þig, til dæmis með skráningu á samskiptum eða viðskiptum við þig. Við gætum notað vefkökur og aðra tækni til að safna persónuupplýsingum í gegnum stafrænt efni, t.d. vefsvæði, snjallforrit eða tölvupóst. Nánari upplýsingar um það hvernig við notum kökur og hvernig unnt er að stjórna notkun þeirra má finna í [„stefnu okkar um kökur“](#). Við vinnum úr öllum gögnum sem við fáum frá þér eða öðrum aðilum eða sem við búum til, í samræmi við þessa persónuverndaryfirlýsingu.

Í sumum tilvikum kann að vera að þú veitir okkur persónuupplýsingar um annan einstakling. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að þú hafir heimild frá viðkomandi til að veita okkur þessar persónuupplýsingar, og að við höfum heimild til að nota þessar upplýsingar eins og lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Þú ættir einnig að veita viðkomandi afrit af persónuverndaryfirlýsingunni.

## Tegundir persónuupplýsinga

Tegundir persónuupplýsinga sem við kunnum að safna og nota eru meðal annars:

- persónuupplýsingar, svo sem nafn, gælunafn og fyrri nöfn (t.d. jómfúrnafn), kyn, fæðingardagur, aldur, upplýsingar um vegabréf, kennitölur og skilríki, ljósmyndir, undirskrift, þjóðerni og menntun eða starfsferill;
- samskiptaupplýsingar, svo sem pósthfang, netfang og síma-, fax- og farsímanúmer;
- notendaskrár;
- atvinnu-/viðskiptaupplýsingar, svo sem heiti fyrirtækisins þar sem þú starfar, starfsheiti, staðsetning og starfsskyldur;

<sup>1</sup> Til dæmis geta sum systurfélög, t.d. þau sem hafa nafn með „Oak Hill Advisors“ or „OHA“, haft sína eigin persónuverndaryfirlýsingu eða -reglur sem gilda fyrir þig.

- öll samskipti við okkur, hvort sem þau eru tekin upp eða rafræn, t.d. tölvupóstur eða spjall;
- upplýsingar um samskipti okkar við þig, þ. á m. athugasemdir um símtöl og fundi sem voru haldnir eða eru á dagskrá;
- upplýsingar um markaðsrannsóknir og kannanir, ásamt álitum þínum á þjónustunni sem við veitum, ef þú ákveður að deila því með okkur;
- viðskiptaupplýsingar, svo sem upplýsingar um viðskipti, fyrirmæli, viðskiptaferill og tengd gögn, reikningsnúmer fyrir fjárfestingarsjóð á okkar vegum eða annan reikning, svo sem banka- eða vörslureikning;
- fjármála- og skimunarupplýsingar, eftir því sem þörf er á, t.d. uppruna auðs og fjármuna og áætlaða starfsemi með okkur, upplýsingar sem fengnar eru í tengslum við fyrirbyggingu peningaþvættis og fjármögnun gegn hryðjuverkastarfsemi, upplýsingasöfnun um viðskiptavinum þínum, kembingu gegn ríkisstjórnarskrám, og aðrar tengdar bakgrunns- og kembirannsóknir, en gildandi staðbundin lög gætu í sumum tilfellum krafist þess af okkur eða veitt okkur heimild til þess;
- upplýsingar sem varða reglufylgni, svo sem um beiðnir skráðra einstaklinga og fylgiskjöl, kvartanir, rannsóknir, upplýsingar um atvik og úrlausn slíkra mála;
- ákveðnir flokkar persónuupplýsinga, svo sem upplýsingar um kynþátt þinn, þjóðerni, stjórnmalaskoðanir, trú eða lífsskoðun, aðild að verkalýðsfélagi, heilsufar (t.d. upplýsingar sem þörf er á til hagræðingar vegna fötlunar, upplýsingar um slys eða öryggi á vinnustað), kynlíf eða kynhneigð eða sakaskrá;
- tæknilegar upplýsingar þegar þú notar stafrænt efni, þar á meðal IP-tala, innskráningarupplýsingar, gerð og útgáfa vafra, auðkenni tækis, gögn frá vefkökum, vefvitar, smelligögn, fingrafaragögn tækisins, log-skrár þjóns (þar á meðal síðubeiðnir), stilling tímabeltis og staðsetningarupplýsingar, gerðir og útgáfur vafraviðbóta, stýrikerfi og verkvangar, viðbragðstímar síðu og niðurbalsvillur;
- upplýsingar um virkni þína á stafrænu efni frá okkur, þar á meðal um vefsvæðin sem þú heimsækir áður en þú ferð á okkar vefsvæði og vörur eða þjónustu sem þú leitaðir að, fjölda heimsókna, lengd heimsókna á tiltekna síðar, skoðaðar síður, upplýsingar um virkni á síðum (svo sem flettingar, smellir og bendli haldið yfir tengli), aðferðir við að vafra af síðunni og svipaðar upplýsingar um viðbótarefni sem hægt er að nálgast frá vefsíðum, til dæmis hvaða skjöl eru opnuð eða prentuð eða hvaða myndbönd eru spiluð og hve lengi;
- valkostir og birtingar, svo sem val á auglýsingaefni, tungumál og birtingar sem deilt er með okkur; og
- mynd- og hljóðgögn, t.d. upptaka öryggismyndavéla, sem við gætum tekið upp í og í kringum vinnustaðinn og á öðrum stöðum, myndir, myndskleið, hljóðupptökur (t.d. upptökur símtala) og raddskilaboð.

## Hvernig við notum persónuupplýsingar

Við notum persónuupplýsingarnar sem við söfnum frá þér og um þig í ýmsum tilgangi sem okkur er heimill samkvæmt lögum, eins og lýst er hér á eftir:

Tilgangur	Rökstuðningur
Til að veita fyrirtækinu þar sem þú starfar (eða þér beint) umbeðnar vörur eða þjónustu og tilheyrandi notendaþjónustu og skýrslugjöf.	Þessi úrvinnsla er okkur nauðsynleg til að geta uppfyllt lagalegar skyldur, samningsbundnar skuldbindingar og/eða til að geta brugðist með skilvirkum hætti við kröfum þínum í samræmi við lögmæta hagsmuni okkar.
Til að framkvæma aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, kanna viðskiptavinum, bera saman við lista stjórnvalda og framkvæma svipaðar bakgrunnsathuganir og skimanir.	Þessi úrvinnsla er okkur nauðsynleg til að geta uppfyllt lagalegar skyldur, samningsbundnar skuldbindingar og/eða sem hluti af lögmætum hagsmunum okkar í áhættustýringu.
Til að bregðast við spurningum þínum og óskum, þar á meðal svo við getum þekkt þig þegar þú hefur samband við okkur.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum þínum svo við getum brugðist við fyrirspurnum þínum og beiðnum með einstaklingsbundnum hætti, og uppfyllt þjónustuskuldbindingar okkar.

<p>Til að viðhalda innanhússkrám og samskiptum okkar við þig, þar á meðal að geyma skrár um persónuupplýsingarnar þínar (og uppfærslur á þeim ef þörf er á) og um öll samskipti okkar við þig.</p>	<p>Við höfum lögmæta hagsmuni af því að halda skrár yfir persónuupplýsingar þínar og uppfæra þær eftir þörfum. Við höfum einnig lögmæta hagsmuni af því að halda skrár yfir öll samskipti okkar við þig.</p>
<p>Til að stjórna áhættu sem á okkur hvílir, og skyldum okkar, og stuðla að auðkenningu ólöglegrar starfsemi, þ.m.t. að hafa eftirlit með símtölum og millifærslu, og viðhalda viðbragðsáætlunum, áætlunum um verndun hugverkaréttis, siðareglur fyrirtækisins og þjónustusímum um framfylgni reglna.</p>	<p>Þessi úrvinnsla er nauðsynleg til að uppfylla lagaskilyrði og/eða sem hluti af lögmætum hagsmunum okkar til að stýra áhættu í rekstri okkar eða til að beita eða verja lagaleg réttindi okkar.</p>
<p>Til að uppfylla lagaskilyrði og reglugerðir, þar á meðal um skattskil eða upplýsingagjöf til annarra eftirlitsyfirvalda.</p>	<p>Þessi úrvinnsla er nauðsynleg til að uppfylla lagaskilyrði.</p>

Tilgangur	Rökstuðningur
Til að tilkynna þér um breytingar á vörum okkar eða þjónustu.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum þínum í því skyni að geta tilkynnt þér um breytingar á vörum okkar eða þjónustu. Í sumum tilvikum þurfum við hugsanlega að vinna úr upplýsingum með þessum hætti til að fylgja lögum sem krefjast þess að við tilkynnum um breytingar.
Til að veita þér upplýsingar um vörur okkar og þjónustu (að því tilskildu að þú hafir samþykkt það þegar eftir því var leitað).	Áður en við vinnum úr upplýsingum þínum með þessum hætti munum við óska eftir samþykki þínu ef þess er krafist. Að auki verður þér gefinn kostur á að draga samþykki þitt til baka (afskráning), en þessi valkostur er til staðar í öllum markaðstengdum tölvupósti sem við sendum.
Að setja upp og stjórna skráningu á vefsvæðið eða áskrift að stafrænu efni og rafrænum samskiptaleiðum (t.d. spjalli).	Þessi úrvinnsla er okkur nauðsynleg til að geta uppfyllt lagalegar skyldur okkar, samningsbundnar skuldbindingar og/eða til að geta brugðist með skilvirkum hætti við kröfum þínum í samræmi við lögmæta hagsmuni okkar.
Til að tryggja að innihald vefsvæða okkar sé framsett á sem skilvirkastan hátt fyrir þig og tækið þitt.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum í því skyni að geta boðið þér upp á stafrænt efni sem sett er upp með skilvirkum hætti.
Til að gera þér kleift að taka þátt í könnunum og gagnvirkum eiginleikum á vefsvæðum okkar eða með rafrænum samskiptaleiðum, t.d. spjalli.	Við höfum lögmæta hagsmuni af vinnslu persónuupplýsinga til að geta gert þér kleift að taka þátt í könnunum og gagnvirkum eiginleikum á vefsvæðum okkar og öðrum rafrænum samskiptaleiðum.
Til að vinna úr persónuupplýsingunum þínum þegar nauðsynlegt er til að viðhalda vefsvæðum okkar og rafrænum samskiptaleiðum, tókum við upp eða notum öruggar leiðir til að greina og fyrirbyggja svik, aðra glæpi og misnotkun, þar með talið að hafa eftirlit með vefsvæðum okkar og öðrum rafrænum samskiptaleiðum sem við notum.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að fylgjast með hvernig vefsvæði og rafræn kerfi okkar eru notuð, í því skyni að greina og koma í veg fyrir svik, annað ólöglegt athæfi og misnotkun. Í sumum tilvikum þurfum við hugsanlega að vinna úr upplýsingum með þessum hætti til að fylgja lögum sem krefjast þess að við tryggjum öryggi vefsvæða og rafrænna kerfa okkar.
Til að gera þér kleift að skrá þig og taka þátt í ráðstefnum og álíka viðburðum á okkur vegum, hvort sem er raun- eða netviðburðum.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum til þess að auðvelda umsjón með viðburðum og umsýslu.
Til að sameina upplýsingar sem okkur berast og við söfnum til að skilja áhugasvið þín og veita þér persónulegri upplifun.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að skoða það sem vafrahegðun þín eða önnur samskipti sem við höfum átt við þig eða fyrirtæki þitt segir okkur um áhugasvið þitt. Þannig getum við sérsníðið samskipti okkar við þig og mætt þörfum þínum (beint eða sem fulltrúa fyrirtækisins) með skilvirkari hætti, að því gefnu að slíkt sé í samræmi við val þitt á markaðssetningarefni.
Til að halda uppfærðan lista yfir þá sem ekki vilja láta hafa samband við sig, til að tryggja að við höfum ekki samband við þig hafir þú afþakkað það.	Með hliðsjón af góðum starfsvenjum við markaðssetningu höfum við lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum í því skyni að halda uppfærðan lista yfir þá sem ekki vilja láta hafa samband við sig og tryggja þannig að við höfum ekki samband við þig hafir þú afþakkað það. Hafðu í huga að þó þú hafnir samskiptum í markaðssetningarskyni kunnum við samt að senda þér mikilvægar upplýsingar sem tengjast reikningum þínum hjá okkur til að fylgja lögum eða reglubundnum skyldum.
Til hönnunar á vörum okkar og þjónustu, og til þróunar á nýjum vörum og þjónustu.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að vinna úr persónuupplýsingum til að geta þróað vörur okkar með sem skilvirkustum hætti og til að bæta vöruúrval okkar í viðskiptaskyni.
Til að stýra rekstri okkar með skilvirkum hætti, til dæmis hvað varðar umsjón með þjónustuveitendum, fjármál, öryggismál, upplýsingatækni, áþreifanleg grunnvirki og endurskoðun fyrirtækisins sameiningu eða kaup.	Þessi úrvinnsla er okkur nauðsynleg til að geta uppfyllt lagalegar skyldur, samningsbundnar skuldbindingar og/eða sem hluti af lögmætum hagsmunum okkar í rekstrar- og áhættustýringu.

Til að auðvelda aðgang, stjórnun og eftirlit á húsnæði okkar, til dæmis með öryggismyndavélum, skráningu gesta og aðgangstækni.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að gæta öryggis og tryggja skipulegan rekstur í húsnæði okkar.
Til að halda skrár um heilbrigðis- og öryggismál, matsgerðir og álíka skráningar.	Við höfum lögmæta hagsmuni af því að stýra húsnæði okkar og rekstri með skilvirkum hætti og í samræmi við starfsvenjur í heilbrigðis- og öryggiseftirliti. Í sumum tilvikum þurfum við hugsanlega að vinna úr upplýsingum af þessu tagi til að fylgja lögum.

Þegar við reiðum okkur á lögmæta hagsmuni til að vinna úr persónuupplýsingunum þínum metum við lögmæta hagsmuni okkar og annarra hlutaðeigandi með hliðsjón af þínum hagsmunum og grunnréttindum hvað varðar verndun persónuupplýsinganna þinna til að tryggja að það sé viðeigandi að við reiðum okkur á lögmæta hagsmuni okkar og við greinum einnig aðrar ráðstafanir sem við þurfum að gera til að ná réttu jafnvægi. Þegar við vinnum úr sérstökum flokkum persónuupplýsinga gerum við það í samræmi við gildandi lög og öflum samþykkis þíns þegar þess er krafist.

Nauðsynlegt er að fá persónuupplýsingar þínar þegar þörf er á upplýsingum til að gera samning, framfylgja fyrirbyggjandi samningi, taka við umbeðnum vörum, þjónustu eða upplýsingum eða þegar uppfylla þarf gildandi lög og reglugerðir. Samþykkir þú ekki að veita þessar upplýsingar er okkur ókleift að veita vörurnar, þjónustuna eða upplýsingarnar sem farið er fram á eða uppfylla samningsbundnar skyldur okkar eða aðrar lagaskyldur. Ekki er krafist þess að þú gefir upp persónuupplýsingar þínar í valfrjálsum tilgangi, svo sem vegna markaðssetningar.

## Með hverjum við deilum persónuupplýsingum

Persónuupplýsinganar þínar eru ætlaðar T. Rowe Price og þeim kann að vera deilt með hlutdeildar- og dótturfélögum þess og, við ákveðnar aðstæður, með þriðju aðilum, sem og annarra aðila sem þú segir fyrir um.

Við gætum gefið persónuupplýsingarnar þínar upp til:

- **Fyrirtækjasamstæðu T. Rowe Price.** Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með fyrirtækjasamstæðu okkar, þar á meðal dótturfélögum og hlutdeildarfélögum okkar, í því skyni að veita þér vörur og þjónustu, veita þér notendabjónustu, skilja áhugasvið þín, senda þér upplýsingar um vörur og þjónustu sem þér kunna að þykja áhugaverðar (með samþykki þínu þegar þess er krafist) og framkvæma aðrar þær aðgerðir sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Fyrirtækjasamstæðan felur í sér dóttur- og systurfélög sem bera heiti með „T. Rowe Price“, „Oak Hill Advisors“ and „OHA“

Við kunnum einnig að deila persónuupplýsingum þínum með eftirfarandi:

- **Óháðum endurskoðendum, lagaráðgjöfum og öðrum fagráðgjöfum.**
- **Þjónustuveitendum okkar.** Við störfum með öðrum fyrirtækjum eða verktökum („þjónustuveitendum“) sem veita þjónustu fyrir okkar hönd eða aðstoða okkur við að færa þér vörur eða þjónustu T. Rowe Price. Þó svo að við getum notað þjónustuaðila til að aðstoða okkur hvað varðar söfnun persónuupplýsinga, þá gætu þeir verið innan mismunandi sviða:
  - Þjónustuveitendur á sviði tækni- og kerfisþjónustu;
  - Aðilum í markaðssetningu, auglýsingum, greiningu, rannsóknum, viðburðastjórnun og samskiptaveitum;
  - Stofnanir sem sjá um greiningu og fyrirbyggingu á svikum; eða
  - Aðilar sem annast umsjón með vörum eða þjónustu T. Rowe Price, svo sem flutningsaðilar, vörsluaðilar og aðilar sem sjá um verðlagningu verðbréfa.

Þessir þjónustuveitendur kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum þínum á þeim tímapunkti sem þjónustan er veitt. Þjónustuveitendur okkar fá þó einungis þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo þeir geti sinnt þjónustunni, þeir inna þjónustuna af hendi samkvæmt leiðbeiningum frá okkur og við förum fram á að þeir noti persónuupplýsingar þínar ekki í neinum öðrum tilgangi. Við gerum ávallt allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að allir þjónustuveitendur sem við störfum með tryggji öryggi persónuupplýsinga þinna.



- **Öðrum aðilum sem heimilað er samkvæmt lögum.** Við ákveðnar aðstæður kann þess að vera krafist að við gefum upp eða deilum persónuupplýsingum þínum til að uppfylla lagalegar skyldur (til dæmis gætum við þurft að afhenda lögreglu, eftirlitsaðilum, opinberum yfirvöldum, dómstólum eða stjórnvöldum persónuupplýsingar), eða til að ganga frá færslum (t.d. gætum við gefið persónuupplýsingar upp til vörsluaðila eða annars hlutaðeigandi í tengslum við kaup eða sölu verðbréfa sem þú baðst um). Við kunnum einnig að gefa öðrum aðilum upp persónuupplýsingar þínar ef slík birting er bæði lögleg og nauðsynleg til að vernda eða verja réttindi okkar, vegna þjóðaröryggis, löggæslu, til að framfylgja samningum okkar við þig eða til að vernda réttindi þín eða réttindi almennra borgara.
- **Fyrirtæki þínu eða fulltrúum og öðrum aðilum.** Við kunnum að gefa upp persónuupplýsingar þínar til fyrirtækis þíns eða annars fulltrúa, til dæmis ef þú ert aðili að tölvupósti ásamt öðrum, eða til að staðfesta upplýsingarnar þínar eða stöðu. Við kunnum einnig að flytja upplýsingar til þriðju aðila sem tengjast fyrirtæki þínu eða reikningi í tengslum við viðskipti okkar við þig eða fyrirtækið þitt.
- **Þriðju aðilum sem tengjast yfirfærslu fyrirtækja.** Við kunnum að flytja persónuupplýsingar þínar til annarra aðila (þar á meðal fyrirliggjandi eða nýstofnaðra fyrirtækja innan T. Rowe Price fyrirtækjasamstæðunnar) ef um er að ræða endurskipulagningu, samruna, yfirtöku eða yfirfærslu eigna, svo framarlega sem viðkomandi samþykkir að fara með persónuupplýsingar þínar í samræmi við þessa persónuverndaryfirlýsingu.

## Hvar við vistum persónuupplýsingarnar þínar

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum frá þér kunna að verða fluttar og geymdar á svæði sem er utan lögsagnarsvæðis þíns.

Ef þú ert innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Bretlands (UK) þýðir það að persónuupplýsingar þínar kunna að verða fluttar, geymdar og opnaðar á svæði sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Bretlands, þar með talið

hjá T. Rowe Price Associates, Inc. í Bandaríkjunum. Einnig getur verið að starfsfólk utan EES eða Bretlands sem starfar fyrir okkur, dótturfélag okkar eða fyrir einhvern af þjónustuveitendum okkar vinni úr þeim. Ef þú ert utan EES eða Bretlands gildir ofangreint einnig, en því til viðbótar kann að vera að persónuupplýsingar þínar verði fluttar og geymdar á svæði innan EES eða Bretlands.

Þegar um flutninga til lögaðila T. Rowe Price utan EES eða Bretlands er að ræða er T. Rowe Price bundið af stöðluðum ákvæðum Evrópusambandsins um persónuvernd (í samræmi við c-lið 2. mgr. 46. gr. í almennu persónuverndarreglugerðinni), eða International Data Transfer Addendum í Bretlandi (eftir því sem við á) eða öðrum viðeigandi öryggisráðstafanir, til að tryggja að upplýsingarnar þínar séu nægilega vel varðar. Þú getur óskað eftir afriti af þessum öryggisráðstöfunum með því að hafa samband við okkur eins og lýst er hér á eftir í flípanum Hafa samband.

## Valkostir þínir og persónuverndarréttindi

Þú hefur ýmis réttindi í tengslum við úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum og eru þau öll útskýrð hér á eftir. Ef þú vilt nýta þér einhver neðangreind réttinda þinna skaltu hafa samband við okkur á [Global.Privacy@troweprice.com](mailto:Global.Privacy@troweprice.com) og láta fylgja með nafn þitt, netfang og póstfang, sem og nafn þess tengiliðar hjá

T. Row Price sem þú hefur yfirleitt samskipti við (eftir því sem við á), og sérstaka beiðni og aðrar upplýsingar sem þú telur að gagnist okkur til að vinna úr beiðninni.

- **Aðgangur.** Þú hefur rétt til að fá staðfest hjá okkur hvort unnið sé úr persónuupplýsingum þínum, og ef svo er, að fara fram á aðgang að þeim upplýsingum, þar á meðal að fá upplýsingar um hvaða gerðum persónuupplýsinga unnið er úr, upplýsingar um tilgang úrvinnslunnar og upplýsingar um viðtakendur persónuupplýsinganna, eða flokka þeirra. Við þurfum þó einnig að hafa hagsmuni annarra aðila í huga og því er þessi réttur ekki ófrávíkjanlegur. Óskir þú eftir meira en einu afriti innheimtum við hugsanlega þóknun.
- **Leiðrétting.** Þú kannt að hafa rétt á að biðja okkur um að leiðrétta persónuupplýsingarnar þínar ef þær eru rangar eða ófullnægjandi.
- **Eyðing.** Þú hefur rétt á að biðja okkur að eyða persónuupplýsingum sem tengjast þér. Okkur ber þó ekki skylda til að verða við því ef við þurfum að geyma slíkar upplýsingar til að uppfylla lagalega skyldu eða til að koma á, nýta eða verjast réttarkröfum.

- **Takmörkun.** Þú hefur rétt til að fara fram á að við takmörkun úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Þetta getur átt við þegar þú telur upplýsingarnar vera ónákvæmar, að úrvinnsla þeirra af okkar hálfu sé ólögð, eða að við höfum ekki lengur ástæðu til að vinna úr upplýsingunum, en þessi réttindi eru ekki altæk. Ef við getum ekki eytt upplýsingunum vegna lagalegra skylda eða annarra skyldubundna ástæðna eða vegna þess að þú vilt ekki að við eyðum þeim, þá takmörkun við með úrvinnslu geymdra persónuupplýsinga við ákveðin tilfelli samkvæmt þinni beiðni, eða takmörkun úrvinnslu þeirra yfir höfuð.
- **Flutningur.** Þú hefur rétt á að fá eigin persónuupplýsingar sem þú hefur áður veitt okkur á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði, og þú kannt að hafa rétt á að senda þessar upplýsingar til annars lögaðila.
- **Mótmæli.** Við ákveðnar kringumstæður og á grundvelli aðstæðna þinna hefurðu rétt á að mótmæla úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum, þar á meðal gerð persónusniðs, og hægt er að fara fram á að við hættum úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Þetta kann að fela í sér að krafist sé mannlegra inngripa í tengslum við sjálfvirka ákvarðanatöku (þegar slíkt á við) til að gera þér kleift að tjá skoðun þína og véfengja úrskurði. Þessi réttur er ekki altækur og vera má að hann gildi ekki við ákveðnar kringumstæður.
- **Kvörtun lögð fram.** Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun til lögbærra gagnaverndaryfirvalda, Commission Nationale pour la Protection des Données (CNPD) í Lúxemborg eða Information Commissioner's Office (ICO) í Bretlandi. Ef þú ert annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), eða atvikið sem þú vilt kvarta yfir átti sér stað á því svæði, má sjá lista yfir gagnaverndaryfirvöld á þessum svæðum hér [hér](#) og fyrir Sviss [hér](#). Ef þú ert á einhverju öðru svæði en tilgreint er hér fyrir ofan, eða ef atvikið sem þú vilt kvarta yfir átti sér stað á einhverju öðru svæði skaltu hafa samband við okkur eins og lýst er hér á eftir í gegnum Hafa samband.

Ef við þurfum viðbótarupplýsingar til að sannprófa auðkenni þitt munum við láta þig vita. Við munum reyna að svara sannprófunarbeiðni ekki síðar en einum mánuði eftir móttöku hennar, nema við höfum ástæðu til að framlengja svartímanum um allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef svartímanum er framlengt munum við útskýra ástæðu þess. Í sumum tilfellum eru réttindi þín takmörkuð, eftir því sem krafist er eða sem leyfilegt er samkvæmt gildandi lögum. Ef við getum ekki orðið við beiðninni vegna vandamála með sannprófun auðkennis, eða vegna undantekninga gildandi laga, munum við taka það fram í svarinu.

Ef við vinnum úr persónuupplýsingum þínum á grundvelli samþykkis þíns til að senda þér markaðsefni hefur þú rétt á að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er. Ef þú vilt hafna því að fá markaðsefni frá okkur skaltu fylgja leiðbeiningunum í tölvupóstinum eða leiðbeiningunum um hvernig á að hætta í áskrift („unsubscribe“) á vefsvæðinu þar sem þú skráðir þig í áskrift að ákveðnu efni (eftir því sem við á). Við biðjum þig að sýna því skilning að þótt þú hafnir því að fá markaðsefni frá okkur eða hættil í áskrift að slíku efni kunnum við þó að hafa samband við þig varðandi atriði sem tengjast reikningi þínum, viðskiptasambandi, virkni og öðrum samskiptum við okkur.

## Hve lengi við geymum persónuupplýsingar þínar

Við geymum persónuupplýsinganar þínar aðeins jafn lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla þann tilgang sem upplýsinganna var aflað í, og að því marki sem gildandi lög leyfa. Við gætum til dæmis geymt upplýsingar um millifærslur og samskipti þar til fresturinn til að senda inn kröfu vegna millifærslunnar hefur runnið út, eða jafn lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla reglubundnar kröfur um varðveislu upplýsinganna. Þegar við þurfum ekki lengur að nota upplýsingarnar þínar munum við fjarlægja þær úr kerfum okkar og skrá og/eða grípa til aðgerða til að gera þær ópersónugreinanlegar (nema okkur sé skylt að geyma upplýsingarnar þínar til að uppfylla lagalegar skyldur eða reglugerðir sem gilda um okkur).

## Öryggi

Við beitum tæknilegum öryggisráðstöfunum og öðrum öryggisráðstöfunum innan fyrirtækisins til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem við höfum umsjón með. Þessar ráðstafanir eru meðal annars að takmarka aðgang að persónuupplýsingum þannig að eingöngu starfsmenn, verktakar og samþykktir þjónustuveitendur sem þurfa að fá aðgang að upplýsingunum í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu geti nálgast þær, vegna þjálfunar starfsmanna okkar og verktaka, og annarra tæknilegra, stjórnunarlegra og efnislegra öryggisráðstafa. Þar sem internetið er opinn vettvangur samskipta og ýmsir aðrir áhættuþættir geta verið til staðar getum við ekki tryggt að upplýsingar sem fluttar eru eða geymdar í kerfum okkar séu ávallt varðar gegn árásum annarra aðila, svo sem tölvuþrjóta, þrátt fyrir að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda kerfi okkar, vefsvæði, aðgerðir og upplýsingar gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum eða birtingu.

# Tungumál

Þessi persónuverndaryfirlýsing er rituð á ensku og kann að verða þýdd á önnur tungumál. Ef ósamræmi er milli enskrar útgáfu þessarar tilkynningar og þýðingar á henni gildir enska útgáfan.

## Ábyrgðaraðilar

T. Rowe Price International Ltd	Warwick Court 5 Paternoster Square London EC4M 7DX Bretland
T. Rowe Price UK Limited	Warwick Court 5 Paternoster Square London EC4M 7DX Bretland
T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à.r.l.	35, Boulevard Prince Henri L-1724 Luxembourg Lúxemborg
T. Rowe Price (Switzerland) GmbH	Talstrasse 65 8001 Zurich Sviss
T. Rowe Price SICAV(s)*	35, Boulevard Prince Henri L-1724 Luxembourg Lúxemborg
T. Rowe Price FCP(s)*	35, Boulevard Prince Henri L-1724 Luxembourg Lúxemborg
T. Rowe Price OEIC(s)*	Warwick Court 5 Paternoster Square London EC4M 7DX Bretland

\*Fjárfestingarfélag sem starfa í Lúxemborg og Bretlandi og sem við veitum þjónustu, m.a. fjárfestingarstýringu.

## Hafa samband

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi þessa persónuverndaryfirlýsingu og/eða varðandi persónuverndarstefnur og starfshætti þjónustuveitenda okkar skaltu láta okkur vita.

### Hafðu samband við það fyrirtæki T. Rowe Price sem þú stundar viðskipti við

Fyrirtækið sem þú hefur samskipti við eða stundar viðskipti við er gagnastjóri persónuupplýsinganna þinna og getur svarað spurningum sem þú hefur um persónuverndaryfirlýsinguna eða notkun okkar á persónuupplýsingunum þínum. Samskiptaupplýsingar þessara fyrirtækja má finna í hlutanum „Umsjónaraðilar“ hér fyrir ofan.

### Hafðu samband við aðalskrifstofu persónuverndar (Global Privacy Office)

Ef þér berst ekki svar við spurningunni eða kröfunni eftir samskipti við fulltrúa viðkomandi fyrirtækis T. Rowe Price skaltu hafa samband við okkur í gegnum netfangið [Global.Privacy@troweprice.com](mailto:Global.Privacy@troweprice.com).

Upplýsingar um Global Privacy Office (skrifstofu alþjóðlegrar persónuverndar) eru eftirfarandi:

Global Privacy Office  
T. Rowe Price  
Warwick Court, 5 Paternoster Square, London EC4M 7DX, Bretland  
[Global.Privacy@troweprice.com](mailto:Global.Privacy@troweprice.com)

Aðalskrifstofa persónuverndar mun hafa samband við viðkomandi aðila staðbundinna skrifstofa hvað varðar spurninguna þína eða kröfu. Við vinnum úr beiðninni með því að taka hana til skoðunar og svörum henni innan raunsæis tíma, að því gefnu að við höfum allar nauðsynlegar upplýsingar og höfum lokið þeim athugunum sem þörf er á. Í sumum tilfellum gætum við beðið þig um að senda beiðnina inn skriflega til að tryggja að við skiljum hana fullkomlega, en einnig um nánari upplýsingar eða sannpröfun á auðkenni þínu. Við munum reyna að það staðfest frá þér eftir því sem við á og nauðsynlegt telst, hver skilningur þinn er á því leiddi til beiðninnar og hvaða útkomu þú býst við. Við munum fara með beiðnina sem trúnaðarmál og svara þér innan raunsæis tíma, yfirleitt skriflega.



# Dagsetning og uppfærslur á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Þessi persónuverndaryfirlýsing er nýlegasta útgáfan og dagsetning yfirferðar er tekin fram hér fyrir neðan. Við áskiljum okkur rétt til að breyta persónuverndaryfirlýsingunni af og til, og við ráðleggjum þér að heimsækja vefsvæðið okkar reglulega til að athuga hvort breytingar hafi verið gerðar. Ef við gerum breytingar sem lög kveða á um að við þurfum að upplýsa þig um með öðrum hætti (t.d. með tölvupósti) gerum við það.

Síðast uppfært: 28. ágúst 2023